

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Breiðvíkurhreppi.

1. gr.

Breiðvíkurhreppur annast sorphirðu í hreppnum samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins og eftirliti heilbrigðisfulltrúa. Breiðvíkurhreppur getur falið verktökum að annast hirðuna og samþykkt starfsemi verktaka sem bjóða fram sjálfstæða þjónustu á þessu sviði.

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Breiðvíkurhreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Ábúendur lögbýla, íbúðarhafar, sumarhúsa eigendur og fyrirtæki skulu sjálfir sjá um að koma sorpi í gáma sem Breiðvíkurhreppur tekur á leigu og sér um að losa eftir þörfum.

Komi til aðrar aðferðir við sorphreinsun skulu sorpgeymslur vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ. e. allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorpílát mold, mól, grjót, byggingarúrgang, gras o. þ. h. Spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) mega ekki blandast því sorpi sem fer beint til förgunar og mega þau ekki fara í sorpílátin. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skemmi sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Sorpílát skulu vera af þeim gerðum sem Breiðvíkurhreppur samþykkir og ekki þyngri en svo, að auðvelt sé að meðhöndla þau. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílát meira en svo að auðvelt sé að loka þeim.

4. gr.

Fyrirtæki og aðrir þeir aðilar, sem hafa með höndum starfsemi er krefst tíðari og viðameiri sorphirðu en tilgreint er í 2. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Annan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á þar til ætlað móttökusvæði skal framkvæma eftir fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa og sveitarstjórnar, og skal ítrasta þrifnaðar gætt.

5. gr.

Almenn sorphirða skv. 3. gr. greiðist af sveitarsjóði. Þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign, sem nýtur framangreindrar þjónustu.

6. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða sveitarstjórnar.

7. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem hlutast þá til um að úr verði bætt. Sorphirðumönnum skal óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

9. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Breiðuvíkurhrepps er hér með staðfest skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 22. júní 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Breiðuvíkurhrepp árið 1992.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1992, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir.

- A) Lögbýli, íbúðir og sumarhús á sérmetnum lóðum.
Sorphirðugjald kr. 7 000
- B) Fyrirtæki og stofnanir.
Sorphirðugjald kr. 14 000
eða eftir samkomulagi.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Breiðuvíkurhrepps er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

Umhverfissráðuneytið, 22. júní 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.